

ÚTG. 2021



SKÓLANÁMSKRÁ KRIKASKÓLA

ALMENNUR HLUTI

ÞRÚÐUR HJELM

SKÓLASTJÓRI

Krikaskóli, Sunnukrika 1, 270 Mosfellsbær



EFNISYFIRLIT

1. Saga og stefna skólans	4
1.1 Saga skólans	4
1.2 Gildi skólans	5
1.3 Stefna skólans	6
2. Grunnþættir menntunar	9
3. Markmið náms	13
4. Námsmat	14
5. Frístund	15
a. Samþætting frístundar og annars skólastarfs	15
b. Frístund fyrir og eftir kennslu	16
c. Sérstök verkefni frístundar – dreift á skólaárið	17
6. Foreldrasamstarf og miðlun upplýsinga	18
7. Samstarf og tengsl skólastiga við nærumhverfið	19
a. Móttökuáætlun	20
b. Tilfærsluáætlun	22
8. Innra mat á árangri og gæðum	24
Heimildaskrá:	25



Formáli

Skólanámskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla frá 2008 og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013. Skólanámskrá leikskóla er gefin út í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 nr. 90 og ákvæði í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Það form að skólanámskrá sem hér birtist, er samþætt fyrir starf Krikaskóla sem byggir á lögum og reglugerðum fyrir bæði skólastigin. Inntakið sjálft er ákvörðun hvers skóla í samræmi við aðalnámskrá og Menntastefnu Mosfellsbæjar. Meginatriði skólanámskrár er sérstaða skólans sem kynnir þar áherslur sínar um nám og kennslu nemenda í samræmi við þá ábyrgð sem hann hefur samkvæmt lögum og reglugerðum.

Hlutverk skólanámskrár er að veita upplýsingar um áætlaða framkvæmd skólastarfs í grunnskólanum með áherslu á það nám og þá kennslu sem stefnt er að fari fram í skólanum í viðkomandi árgangi. Hún er þannig leiðarvísir um skólastarfið og gefur til kynna að hverju er stefnt í skólastarfinu, þ.e. að hvaða hæfni er stefnt að nemandi nái á hverju námssviði (námsgrein). Framkvæmdin sjálf, þ.e. hið daglega skólastarf, er þannig stöðug viðleitni til að ná ætlaðri stefnu þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni er sameiginleg hjá skólayfirvöldum, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum með vissri verkaskiptingu og ólíkri ábyrgð í skólastarfinu. Til að framkvæmdin verði í samræmi við stefnuna þurfi allir aðilar að taka ábyrgð sína alvarlega.

Samhliða skólanámskrá er gefin út starfsáætlun skóla sem þarf að lesast samhliða skólanámskránni til að hún skiljist til fullnustu og fáist fullt samhengi. Munur skólanámskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65) og í aðalnámskrá leikskóla kafla 13 (2011, bls. 52-53).



Inngangur

Skólanámskrá Krikaskóla er samsett. Hlutar hennar eru gefnir út sem starfsáætlun skólans og skóladagatal á hverju ári en einnig er gefin út almennur hluti skólanámskrár ásamt árganga- og greinahluta á nokkurra ára fresti. Lesa þarf þessi gögn saman til að fá heildarmynd af skólastarfi Krikaskóla.

Samstarf hefur verið milli skóla í Mosfellsbæ til fjölda ára og ekki síst varðandi þá þætti sem lúta að gerð áætlana fyrir skólana. Fræðslu- og frístundsvið Mosfellsbæjar hefur einnig stutt við þessa vinnu skólana með virkum hætti á liðnum árum.

Samstarf mjög margra aðila liggur að baki skólanámskrárgerðinni. Allir aðilar skólasamfélagsins í Krikaskóla hafa með einhverjum hætti komið að verkinu, börn, foreldrar og starfsfólk skólans þó skólastjóri beri fulla ábyrgð á lokafrágangi og útgefnum gögnum.

Markmiðið er að til verði ferli sem sífellt sé í gangi. Almennur hluti skólanámskrár ásamt árganga og greinahluta sé langtímastefnumörkun skólans. Starfsáætlun hvers árs sé skammtíma-stefnumörkun fyrir eitt ár í senn og matsskýrsla hvers skólaárs sé mat á hvernig til tókst. Matsskýrslan er svo sá grunnur sem notaður er við gerð nýrrar starfsáætlunar til næsta skólaárs. Þannig sé hægt að tryggja að raddir allra fái að heyrast og markvisst sé unnið að skólaþróun Krikaskóla. Ákvarðanir séu teknar sem byggist á gögnum sem safnað er bæði á löngum tíma og stuttum.

Krikaskóli er lítill skóli og því er auðvelt að taka mál fyrir jafnóðum, aðlaga og breyta skipulagi og starfsháttum. Það gerum við oft á hverju skólaári en grunnþátturinn í starfi okkar er ætíð að gera vel fyrir börnin í skólanum með hjartað á réttum stað.



Krikaskóli

1. SAGA OG STEFNA SKÓLANS

Verðlaunasamkeppni var haldin í Mosfellsbæ árið 2007 milli hönnuða og skólaráðgjafa um uppbyggingu Krikaskóla. Vinningstillagan var unnin af hópi sem kallaði sig Bræðingshópin. Hópin mynduðu Andri Snær Magnason rithöfundur, arkitektastofurnar Arkiteó og Einrúm, skólaráðgjafarnir Helgi Grímsson og Sigrún Sigurðardóttir, landslagsarkitektarnir Suðaustranátta og verkfræðistofan VSB.

Tillaga Bræðingshópsins byggir grunnhugmynd skólans á lýðræðislegum vinnubrögðum, einstaklingsmiðuðu námi og að efla reynslu og virkni barna með því að bjóða upp á raunveruleg verkefni og viðfangsefni. Byggingin sjálf sem og lóð voru hönnuð með það fyrir augum að styðja við og styrkja þessar hugmyndir og verklag.

1.1 SAGA SKÓLANS

Skólinn hóf starfsemi sína í færanlegum kennslustofum í Helgafellslandi 1. júní 2008. Fyrstu börnin komu í aðlögun 16. júní 2008. Starfsstöðin fékk nafnið Brekkukot eftir nokkra umhugsun starfsmanna og foreldra fyrstu barnanna.

Ráðin var til starfa skólastjóri, Þrúður Hjelm sem hóf störf 1. júní 2008. Ágústa Óladóttir og Berta Sveinbjarnardóttir voru ráðnar sem sviðstjórar og staðgenglar skólastjóra í fjarveru hans. Ágústa tók til starfa 1. maí 2008 og Berta 1. ágúst 2008. Þar með var myndað þriggja stjórnenda teymi í upphafi skólans. Skólaárið 2008-2009 voru 50 börn í skólanum á aldrinum 2ja til 5 ára. Mikið undirbúningsstarf var unnið að samþættingarhugmyndum milli leik- og grunnskóla ásamt undirbúningi á starfsemi grunnskólahluta skólans. Skólaráðgjafar Bræðingshópsins Andri Snær, Helgi og Sigrún voru okkur innan handar á fyrstu metrunum.

Fyrsta skóflustungan var tekin að byggingu Krikaskóla fimmtudaginn 25. september 2008. Fyrstu skóflustunguna tóku börnin í Krikaskóla ásamt Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra, Karli Tómassyni forseta bæjarstjórnar og Herdísi Sigurjónsdóttur formanni fræðslunefndar. Jáverk sá um bygginguna og jarðvinnu, ásamt því að samræma vinnu undirverktaka við alla verkþætti sem þurfti til að fullgera hús og lóð. Eftirlit með framkvæmdum hafði verkfræðistofan Hnit.

Skólaárið 2009-2010 voru 106 börn í skólanum og þar af 26 börn í fyrstu tveimur bekkjum grunnskólastarfs. Skólastarfinu var búin aðstaða áfram í Brekkukoti, en aukið rými fékkst með færanlegri kennslustofu og skrifstofugámum sem komið var fyrir við skólann. Vel fór um skólastarfið þrátt fyrir að þétt væri setið í ýmsum aðstæðum.

Opnunarhátíð og vígsla Krikaskóla í Sunnukrika 1 fór fram föstudaginn 26. mars 2010. Þar með hófst nýr kafli í sögu skólans.



Krikaskóli

Skólaárið 2010-2011 var því fyrsta skólaárið í sérhönnuðu húsnæði og lóð. Þróun á samþættingu leik-og grunnskólastarfs, sem og á samþættingu grunnskólastarfs og frístundar tók mikinn kipp. Möguleikar og hugmyndir voru prófaðar og starfsmenn unnu mikið í skipulagsmálum og vinnu við þróun á hugmyndafræði skólans. Í skólanum voru þá 167 börn og starfsmönnum fjölgaði til samræmis. Börnin voru á aldrinum 2ja til 8 ára.

Skólaárið 2011-12 voru í skólanum 182 börn og var það fyrsta árið sem þau voru á aldrinum 2ja til 9 ára. Samræmt próf 4. bekkjar var lagt fyrir í fyrsta sinn og útskrifuð voru fyrstu 14 börnin að vori sem flest fóru í 5. bekk í Varmárskóla.

Næstu ár á eftir fjölgaði börnunum jafnt og þétt. Jafnvægi náðist og að öllu jöfnu eru um 200-210 börn í skólanum ár hvert. Um 100 börn á hvoru skólastigi fyrir sig eða um 25 börn í hverjum árgangi.

1.2 GILDI SKÓLANS

Skólinn starfar með eftirfarandi atriði sem grunn í stefnu sinni:

- a. **Gildin** sem eru leiðarljós skólastarfsins eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.

Virðingu eflum við á ýmsan hátt með markvissu innra starfi með börnunum. Jákvæður agi og hugmyndafræðin hvetur okkur daglega til að líta til sjónarmiða allra, hlusta á börnin og hvetja þau í einu og öllu til að hlusta hvert á annað. Mikilvægi þess að setja sig í spor annarra og taka tillit til sjónarmiða allra er einn af lykilþáttunum í starfi skólans.

Jákvæðni þarf að rækta eins og aðra góða eiginleika. Það gerum við með fjölbreyttum hætti í Krikaskóla, vináttu og sveigjanleika í okkar starfi. Mikilvægt er að horfa á styrkleika og hæfni barnanna í skólanum í stað þess að einblína á vandann.

Framsækni er mikilvæg í Krikaskóla og eru framsæknar hugmyndir partur af þróun skólans. Eitt af meginmarkmiðum skólans er að vera framsækinn skóli. Mikilvægt er að láta ekki staðlaðar hugmyndir um skólastarf trufla þróun hans. Með ólíkum hugmyndum frá ólíkum einstaklingum innan skólans verða til nýir hlutir.

Umhyggjan er eitt af lykilhugtökum Krikaskóla og það er grunnurinn að mörgum okkar ákvörðunum og nálgunum í samfélagi Krikaskóla. Við sýnum umhyggju varðandi ólíkar þarfir einstaklinga og hópa. Leggjum áherslu á einstaklingsmiðaða nálgun og vinnum saman að hverju verkefni.

- b. **Uppeldis- og kennslufræðileg sýn** á skólastarfið byggir á hugmyndafræði John Dewey en einkunnarorð hans „Learning by doing“ eru okkar hornsteinn, ásamt hugmyndum um



Krikaskóli

Lýðræðislegt skólastarf. Kennslufræði leikskólans byggir á þeirri sýn að leikurinn sé helsta námsleið barnsins. Því nýtum við okkur hann í öllu skólastarfi Krikaskóla fyrir alla aldurshópa. Mikilvægi leiks er ekki síðri fyrir 6 ára börn en 5 ára. Við leggjum því áherslu á leik, bæði frjálsan og tengdan námsmarkmiðum. Raunveruleg verkefni sem tengjast reynsluheimi barnsins eru mikilvægur þáttur í okkar starfi og leggja línurnar þar sem námsmarkmið stýra verkefnum frekar en námsbækur.

- c. **Sérkenni** skólans er móta skólastarf hans og kennsluhætti byggjast á því að skólinn er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja til 9 ára. Hugmyndir um samfellu í starfi, degi og ári barnsins liggja til grundvallar. Markmiðið er að börn komi í skólann sinn og samfella sé mikil milli leik- og grunnskólastarfs sem og samfella milli grunnskólastarfs og frístundar. Samvinna og samstarf eru lykilþættir í sérkennum skólans. Hugmyndir um lýðræðislegar nálganir í stóru og smáu skapa vinsamlegt umhverfi og andrúmsloft.

1.3 STEFNA SKÓLANS

Stefna Krikaskóla er útfærsla á Aðalnámskrám leik- og grunnskóla, Skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndum Bræðingshópsins. Krikaskóli hefur framsækið skólastarf (e. progressive schooling) að stefnu sinni. Hugtakið hefur almennt verið notað þegar skólar fara óhefðbundnar leiðir að markmiðum sínum. Stefna skólans tekur mið af hugmyndafræði John Dewey. Hugmyndir hans eru vel þekktar og virtar í menntavísindum og nýjar aðalnámskrár leik- og grunnskóla taka nokkuð mið af hans hugmyndum. John Dewey lagði m.a. fram að framsæknir skólar ættu að innihalda eftirfarandi; frelsi, frumkvæði barnsins, virkni, áhuga, tjáningu og aðlögun að persónuleika ásamt skapandi tjáningu. Það síðastnefnda ætti að vera lykilatriði skólastarfsins (Myhre, 2001).

Lykilatriði:

- Að stuðla að framsæknu skólastarfi í anda hugmyndafræðinnar þar sem lögð er áhersla á að barnið sé virkur og skapandi þátttakandi í námi og starfi.
- Að efla og styrkja starfsfólk skólans í því að starfa eftir þeirri hugmyndafræði, að hún verði sýnileg í námi og starfi barna og fullorðna í skólasamfélaginu.
- Að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð við uppbyggingu skólans, að hlusta á raddir allra starfsmanna við skipulagningu á námi og starfi.
- Að hlusta á raddir barnanna í skólanum með það að markmiði að koma sem best til móts við óskir þeirra og væntingar ásamt því að endurmeta það starf sem fram fer í skólanum.
- Að stuðla að því að skapa umhverfi þar sem börnum og fullorðnum líður vel, umhverfi þar sem sýnd er umhyggja, virðing og jákvæðni gagnvart sérhverri manneskju.



Krikaskóli

Lýðræði í skólastarfi er eitt af lykilþáttum í kenningum Dewey. Þar er átt við að rödd hvers og eins hafi jafnmikið vægi innan skólans, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Í lýðræðislegum skóla þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það sem við á, fundir um málefni eru algeng leið til þess. Reglur þarf að semja með öllum er málið varðar og með umræðu er leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Einstaklingsmiðað nám er einnig mikilvægur þáttur í framsæknu skólastarfi (Dewey, 1938/2000). Einstaklingsmiðað nám í almennu skólastarfi, samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2005), er þegar kennarinn kemur til móts við þarfir nemanda. Nemendur fást við ólík, misþung viðfangsefni, hver á sínum hraða og taka ábyrgð á því sjálfir með það markmið að hver einstaklingur nái hámarks þroska og árangri.

Kenningar Dewey innihalda í grófum dráttum tengingu náms barna við fyrri reynslu þeirra, áherslu á lýðræði, merkingarbærni náms og virkni í námi. Dewey taldi að börn sköpuðu sína eigin þekkingu og færni út frá námsefni eða námsumhverfi. Því er hlutverk kennarans að skapa aðstæður þar sem börnin skapa sína eigin færni eða þekkingu, tengi það við fyrri reynslu, færni eða þekkingu og þroskist þannig stig af stigi (Dewey, 1938/2000, bls. 37-38).

Hlutverk kennarans er, meðal annars, að spyrja mikilvægra spurninga sem leiða börn áfram í þekkingarleit sinni. Í samvinnu við kennara og önnur börn þá leita þau ráða hvort hjá öðru og læra hvort af öðru. Vygotsky (1978) talar um „svæði mögulegs þroska“ en sú hugmynd liggur að baki þegar lagðar eru áherslur á hópavinnu og umræður. Samkvæmt þeirri hugmynd þá getur einstaklingur náð mun lengra í vitsmunapróska þegar hún eða hann, eru í samvinnu við aðra sem lengra eru komnir. Þetta á við bæði um kennarann sem spyr spurninga sem nemandinn kemur ekki auga á, jafnt sem aðra í hópnum sem nota jafnvel nýjar lausnarleiðir eða spurningar sem voru áður óþekkt.

Skólastarf í Krikaskóla mótast mikið af samsetningu hans og aldri barnanna frá tveggja ára til níu ára. Í skólanum er unnið eftir 200 daga skóladagatali sem er liður í að samþætta leik- og grunnskólastarf. Sumarleyfi er eins og hefðbundið gerist í leikskólastarfi. Markmiðum aðalnámskráa skólastigana er fylgt eftir þessa 200 daga en bæði í leik- og grunnskólastarfi eru dagar fyrir utan 200 skóladagana sem unnið er frjálsslegra starf sem tekur mið af frístundastarfi.

Skólafélag Krikaskóla einkennist af heildstæðu uppeldis- og skólastarfi. Stefnir er að því að efla skólann sem lifandi samfélag barna, starfsfólks og foreldra. Skóladagur barnanna skal vera heildstæður og taka mið af þörfum fjölskyldna. Þannig er samfella lykilhugtakið í skólastarfinu (Bræðingshópurinn, 2007). Skólanámskrá Krikaskóla tekur mið af aðalnámskrám beggja skólastiga og leitast er við að samþætta markmið og áherslur hvors skólastigs fyrir sig. Unnið er sérstaklega með markmið í íslensku, stærðfræði ásamt list- og verkgreinum með leikskólabörnum og áhersla á leik barna er dregin fram með grunnskólabörnum. Þemanám er leið skólans að fjölþættum markmiðum og greinum, ásamt áherslu á útinám barna. Fjölbreyttar leiðir og áherslur að hverju viðfangsefni og verkefnum barnanna er markmið í sjálfu sér.



Samþætting grunnskólastarfs og frístundarstarfs er einnig eitt af sérkennum skólans. Með virkri þátttöku allra er hluta frístundarstarfs fleytt inn í skóladag barnanna með það að marki að minnka álag og hraða í hversdegi barna. Hugmyndir um endurheimt barna á orku sinni, hvíld og slökun ásamt því að nema á fjölbreyttan hátt, er lykilatriði í frístundarstarfi skólans.

Þróunarverkefni í Byrjendalæsi – Leikskólalæsi hefur mótað nálgun við læsi barnanna í Krikaskóla frá 2ja ára til 9 ára. Börnin í Krikaskóla eru á næmiskeiði málþroskans og þegar þau yfirgefa skólann er stefnt að því að þau séu komin vel af stað í yndislestur. Nálgunin hefur fallið vel að öðru starfi skólans. Verkefnið fór af stað skólaárið 2013-2014 með samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Þróunarverkefnið um Stærðfræði byggða á skilningi barna (SKSB), eða Cognitively Guided Instruction (CGI), byggst fyrst og fremst á því að byggja upp skilning barna á aðgerðum og magni með notkun þrauta. Mikil áhersla er einnig á kennarann, nálgun hans og mikilvægi. Þessar hugmyndir falla vel að öðru skólastarfi í Krikaskóla. Verkefnið fór af stað skólaárið 2009-2010 og hefur verið unnið að því síðan með stuðningi dr. Ólafar Bjargar Steinsþórsdóttur.

Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfsstjórnarkenningum hefur verið valin í Krikaskóla til að vinna með samskiptafærni, líðan og aga. Stefnan hefur verið þróuð bæði fyrir leik-og grunnskólabörn og fellur hún vel að öðrum þáttum í skólastarfinu. Eins hefur jákvæður agi dregið fram það sem áður hafði þróast í skólamenningu Krikaskóla og við lagt mikla áherslu á. Verkefnið fór af stað skólaárið 2014-2015 með samstarfi við Naustaskóla og Leikskólann Naustatjörn á Akureyri.

Verkefnið Heilsueflandi skóli hefur verið að þróast innan skólans en skólar í Mosfellsbæ eru allir þátttakendur. Verkefnið tengist eftirfarandi þáttum: hreyfingu, mataræði, geðrækt, fjölskyldu og starfsfólki. Verkefnið fór af stað skólaárið 2013-2014 með samstarfi við embætti Landlæknis og aðra skóla Mosfellsbæjar.

2. GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn heilbrigði og velferð. Líðan barna í skólanum er lykilatriði fyrir skólastarfið. Leggja skal sérstaka rækt við líðan barna og geðheilbrigði þeirra. Mikilvægi heilsusamlegs lífennis, næringar, svefns og hreyfingar skal fléttað inn í daglegar venjur og þemavinnu með fjölbreyttum hætti.

Einstakir stefnupættir:

- a. **Líðan barna** Ein helsta áhersla skólans er að börnum líði vel í daglegu starfi og við dvöl í skólanum. Góð andleg líðan er undirstaða náms. Til uppfylla þær kröfur er lögð sérstök áhersla á jákvæð samskipti, góð félagsleg tengsl og gott jafnvægi milli þátta skólastarfsins. Þar er meðal annars átt átt við jafnvægi milli kennslu, leiks og hvíldar. Jafnvægi milli kennarastýrðra verkefna og frjálsræðis og svo framvegis.
- b. **Hreinlæti** Börnum er kennt að huga að eigin hreinlæti eftir aldri og getu. Skólinn býður upp á góðar aðstöðu fyrir öll börn til að huga að eigin hreinlæti, til að mynda eru vaskar og salerni í viðeigandi hæð fyrir aldurshópa. Einnig er hugað að slíkum þáttum í sameiginlegum leik og kennslurýmum skólans eins og í list- og verkgreinaaðstöðu.
- c. **Útivist og hreyfing** er einn lykilþátturinn í starfi skólans. Skólasvæðið býður upp á mjög fjölbreytt tækifæri til hreyfingar bæði innan dyra sem utan. Vettvangsferðir og útikennsla er mikilvægur liður í öllu skólastarfinu og er skipulagningu háttað þannig að jafnvægi skapist. Allir árgangar eru með skipulagðar vettvangsferðir í sínum kennsluáætlunum og kennarateymin hafa mjög frjálsar hendur með að nýta sér nánasta umhverfi skólans.
- d. **Slökun og hvíld.** Öllum börnum skólans sé gefin kostur á hvíld og/eða slökun eftir þörfum og aldri.

JAFNRÉTTI

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn jafnrétti. Að leitast við að koma til móts við öll börn eins og hægt er, til þess að auka vellíðan og þroska þeirra á meðan á námi stendur. Aðstaða barna til náms og annarra þátta skólastarfsins skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna.

Einstakir stefnupættir:

- a. Að hlustað sé á raddir allra í daglegu starfi í skólanum.
- b. Að hlustað sé á raddir allra í öllum aðstæðum, t.a.m. í leik og í starfi hvort sem það er í námsumhverfi barnanna, matsal, útiveru eða frístundastarfi.
- c. Að tekið sé mark á skoðunum og tilfinningum allra.



Krikaskóli

- d. Að jöfn virðing sé borin fyrir öllum einstaklingum óháð kyni, kynþætti, uppruna, aldri, starfsheiti o.fl. samkvæmt námsskrá.
- e. Að allir átti sig á við höfum sama rétt og að mismunun á ekki að eiga sér stað.
- f. Allir hafi jafnan rétt á að segja sína skoðun og lýsa sínum áhyggjum ef einhverjar eru.
- g. Að öll börn hafi jöfn tækifæri til náms. Einstaklingsþörfum sé mætt.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi. Að börnin í Krikaskóla eigi rétt á að tjá sig og á þau sé hlustað. Skólinn leggur sig sérstaklega fram um að fjölbreytileiki mannlífsins fái að dafna innan skólans.

Einstakir stefnuþættir:

- a. Börn í Krikaskóla þekkja lýðræði í gegnum val á öllum deildum.
- b. Öll börn í Krikaskóla eiga rétt á að tjá sig í samræmi við getu sína og þroska, og að á þau sé hlustað.
- c. Krikaskóli tryggir og leggur sig sérstaklega fram um, að börn með fötlun búi við aðstæður sem stuðli að virðingu þeirra, sjálfsbjörg og virkri þátttöku í samfélagi Krikaskóla.
- d. Barna- og bekkjafundir og aðrar samverustundir þar sem börnin taka virkan þátt í samræðum, hlusta á hvert annað og skiptast á skoðunum. Eflast þau þannig í að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
- e. Börnin hafa ákveðin hlutverk og eftir því sem börnin eldast verða hlutverkin fleiri og fjölbreyttari.
- f. Börnin kynnast stofnunum samfélagsins með heimsóknum og vettvangsferðum.
- g. Börnin kynnast menningu og listum, m.a. með heimsóknum listamanna í skólann og í vettvangsferðum.
- h. Allir taka þátt í að móta menningu Krikaskóla með ýmsum viðburðum.

LÆSI

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn læsi. Að börn og starfsmenn séu læsir á félagslegt umhverfi sitt, beri virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Geri sér grein fyrir þörfum sínum, styrkleikum og þekki sig sem sjálfstæðan einstakling. Börnin nái að þroska og tileinka sér gagnrýna hugsun.

Einstakir stefnuþættir:

- a. Að börnin efla samskiptafærni sína, virðingu og jákvæðni. Aðferðir jákvæðs aga miða við aldur og þroska barnanna. Starfsmenn séu góðar fyrirmyndir.
- b. Að börn nái að lesa í aðstæður. Börnin tileinka sér félagslegar leikreglur sem eru mismunandi eftir aldri og þroska.
- c. Að barnið geri sér grein fyrir t.d. hvernig þarf að klæða sig eftir veðri.



Krikaskóli

- d. Veðurfræðingur og fleiri hlutverk sem börnin sinna.
- e. Börnin læri umgengisreglur bæði úti og inni við.
- f. Efla sjálfsmynd og vinna með styrkleika hvers og eins. Styrkleikar allra fá að njóta sín.
- g. Að vinna með mismunandi tilfinningar – að geta lesið í aðstæður.
- h. Tæknilæsi sé eflt með því að börn fái tækifæri til að nýta sér tækni til náms og leiks.
- i. Samvinna er eðlilegur þáttur í skólastarfinu, teymisvinna og hópavinna. Að börnin miðli upplýsingum, læri að taka eftir, virða ólík sjónarmið félaga og rýni til gagns.
- j. Lestrarstefna Krikaskóla þar sem fjallað er um fjölbreytta nálgun við málörvun og lestrarfærni meðal annars með heildtækum aðferðum leikskólalæsis og byrjendalæsis.

SJÁLFBÆRNI

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn sjálfbærni. Að börn komi auga á, skynji og skilji samhengi hlutanna eftir aldri og þroska hverju sinni.

Einstakir stefnupættir:

- a. Unnið með jákvæðan aga sem eykur hæfni barna til lýðræðis og sjálfbærni. Svo sem samlíðan með fólki, gagnrýna hugsun og samskipti.
- b. Útikennsla þar sem meðal annars er unnið með virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Skilningur aukinn á hringrás og fyrirbærum náttúrunnar, sem og meðvitund og virðing fyrir nærumhverfi barnsins.
- c. Vettvangsferðir sem auka víðsýni og efla reynslu barna m.a. af listum og menningu.
- d. Barna- og bekkjafundir þar sem rædd eru ákveðin málefni eftir aldri og þroska barnanna. Börnin leggja fram sínar hugmyndir og tillögur að lausnum.
- e. Skólaþing með fjölbreyttum aldri barna, ólíkir aldurshópar milli ára. Alltaf er þó skólaþing með elsta árgangi skólans áður en þau kveðja skólann sinn að vori. Þar er farið yfir mat þeirra á starfi skólans og aðstæðum.

SKÖPUN

Skólinn starfar á grundvelli eftirfarandi stefnupáttanna um grunnþáttinn sköpun. Að börn og starfsfólk hafi það að leiðarljósi að sköpun er ferli sem byggist á ímyndunarafli og að niðurstaðan sé í senn frumleg og hefur gildi.

Einstakir stefnupættir:

- a. Að stutt sé við að börnin hafi frelsi til að finna sínar eigin skapandi leiðir í öllum námsþáttum.



Krikaskóli

- b. Skipulag skólahúsnæðis og skólstarfsins er opið og sveigjanleg sem ýtir undir sköpunargleði barnanna.
- c. Samvinna á milli árganga örvar ímyndunarafl barnanna.
- d. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem ímyndunarafl barnanna hefur áhrif á lausnarleit þeirra.
- e. Frjáls leikur sem örvar skapandi hugsun og ímyndunarafl.
- f. Könnunarleikur – barn uppgötvar sjálfst möguleika og eðli efniviðar.
- g. Holukubbar og einingakubbar – skapa börnum óendanleg tækifæri til uppgötvunar og tilrauna með hugmyndir sínar og annarra.
- h. Allur opin efniviður sem vekur tækifæri til að sýna frumleika og veitir ánægju.
- i. Vekja forvitni hjá barninu og hjálpa því að viðhalda forvitni.
- j. Vera hér og nú. Grípa þau tækifæri sem gefast til sköpunar hverju sinni.



3. MARKMIÐ NÁMS

Í lögum um leikskóla (90/2008) kemur fram í 2. grein að markmið leikskólastarfs sé að hafa velferð og hag leikskólabarna sem leiðarljós í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi námsumhverfi ásamt öruggum náms- og leikskilyrðum. Starfshættir skuli mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð.

Í lögum um grunnskóla (91/2008) fjallar 2. greinin einnig um markmið náms. Þar kemur fram að grunnskólinn skuli stuðla í samvinnu við heimilin að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Sömu eða sambærilegir þættir skulu móta starfshætti og hjá leikskóla-börnunum. Grunnskólinn skal einnig stuðla að víðsýni hjá börnum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum. Börnum skal veitt tækifæri til að efla sköpunarhæfni sína og afla sér þekkingar og leikni. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun og þjálfna hæfni þeirra í samstarfi við aðra.

Stuðla skal að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf og almenna velferð og öryggi nemenda (Lög um grunnskóla, 91/2008).

Hæfni er geta til að nýta þekkingu og leikni sem börnin öðlast á skólagöngu sinni. Lykilhæfni er ætlað að stuðla að alhliða þroska barnanna og tengist öllu námi þeirra. Góð lykilhæfni eykur tækifæri barnanna til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og styrkir möguleika þeirra til framtíðar. Lykilhæfni er því samofin öllu skólastarfi í Krikaskóla.



4. NÁMSMAT

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 26) er fjallað um námsmat leikskóla. Þar kemur m.a. fram að námsmat leikskóla þurfi að vera fjölbreytt og vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Í Krikaskóla er lagt mat á þroska og hæfni barna sérstaklega með tilliti til málþroska og hreyfifærni ásamt færni þeirra til sjálfshjálpar og samskipta.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 25-26) er fjallað um námsmat grunnskóla. Mat á árangri og framförum barna þarf að fara fram reglulega og sé órjúfanlegur þáttur í námi og kennslu. Meginmarkmiðið er að gefa leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verði náð. Námsmat gefur greinargóðar upplýsingar um hvernig best er stutt við framfarir hvers og eins einstaklings. Gæta þarf vel að því að námsmat sé réttmætt og áreiðanlegt. Mikilvægt er að notaðar sé fjölbreyttar aðferðir við námsmat. Þær þurfa að taka mið af áherslum skólustarfsins og meta þekkingu, leikni og hæfni barnanna. Námsmat þarf einnig að taka tillit til sértækra námsörðugleika og aðlögun eftir þörfum.

Í Krikaskóla er sérstaklega lagt mat á færni barnanna í lestri og stærðfræði en aðrir hæfnipættir koma einnig til mats, svo sem virkni þeirra, samskiptafærni og sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum.

Safnað er fjölbreyttum gögnum í ferilmöppur þau skólaári sem börnin eru í skólanum frá leikskóla til grunnskóla. Börnunum eru afhentar þessar möppur við lok skólagöngu sinnar og er dýrmætur minningasjóður um nám og þroska hvers barns.

Nánar er fjallað um námsmat í árganga- og greinahluta skólanámskrár.



5. FRÍSTUND

Sambætting skóla- og frístundastarfs er ein af lykilhugmyndunum um Krikaskóla frá upphafi. Bæði er frístundin sambættuð og fléttuð inn kennslu á eiginlegum skólatíma barnanna, en einnig ofin framan og aftan við þann tíma. Staðsetning frístundar innan veggja skólans gerir það að verkum að börnin læra vel á umhverfið, möguleika þess og takmarkanir. Þau þekkja þann fjölbreytta efnivið sem býðst og eflast í að útfæra hugmyndir sínar, bæði í sköpun og leik. Skólabragurinn sem litast af gildum skólans styrkist ekki síst við að sama starfsfólkið sinnir börnunum bæði á skólatíma og í frístund. Þannig er stutt við að námstækifærin sem birtast í daglegum viðfangsefnum gagnist börnunum sem best. Það á við hvort sem þau eru að fást við að halda utan um eigin sínar í fataklefanum, klæða sig eftir veðri, velja leikefni, koma sér að verki, vinna sjálfstætt og með öðrum eða finna hugmyndum sínum farveg. Allt er til þess fallið að efla færni þeirra í takt við alla grunnþætti menntunar.

A. SAMBÆTTING FRÍSTUNDAR OG ANNARS SKÓLASTARFS

Í sambættri frístund á kennslutíma, sinna umsjónarkennarar börnunum í sögu- og ávaxtastund alla daga. Sömuleiðis njóta börnin leiðsagnar þeirra í fataklefanum á leið sinni í útiveru á hverjum degi.

i. Viðfangsefni í sambættingu frístundar og kennslu

Meginviðfangsefnin eru:

- Ávaxtastund – Sögulestur. Börnin koma saman í hreiðri með kennara og gæða sér á ávöxtum undir sögulestri og spjalli. Þau þjálfast í að hlusta bæði á sögur og hvert annað. Þá reynir einnig á endursögn, tjáningu og samtal þeirra. Viðfangsefnið eru sögur og málefni líðandi stundar.
- Útivera er samfelld í 40-50 mínútur daglega í stað frímínútna. Börnin hafa þá tíma til að skipuleggja leik sinn og ná samfelldum tíma til leiks.
- Matsalur. Börnin sitja til borðs félögum sínum í matsal, flest þeirra hafa áralanga sameiginlega reynslu af borðhaldinu - sum frá 2ja ára aldri. Matur er lagður á borð og börnin fást við að áætla sér magamál, matast og eiga samskipti við hvert annað. Þeim er uppálagt að iðka góða borðsiði.
- Fataklefi. Börnin þurfa að klæða sig sjálf í og úr yfirhöfnum. Skipta um föt ef þau blotna og ganga frá fötunum sínum.



ii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og börnin nýta sér við námið eru:

- Sögubækur og málefni líðandi stundar.
- Raunveruleg verkefni í fataklefa og matsal.
- Kubbar, leikföng og annar efniviður í frístundatíma allra barna.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, inna og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Börnin takast á við verkefni í raunverulegum aðstæðum, svo sem í matsal og fataklefa.
- Frjáls leikur og skipulagðar tómsstundir eftir vali.

B. FRÍSTUND FYRIR OG EFTIR KENNSLU

Boðið er upp á frístund frá kl. 7:30-9:00 að morgni fram að kennslu, gegn gjaldi. Foreldrar geta valið að kaupa morgunmat þennan tíma fyrir börnin sín. Frístundin er samþætt leikskólasterfi fram til kl. 8:00. Þá tekur við frístundatími með rólegum leik barnanna fram að kennslu sem hefst kl. 9:00.

Börnin eru í kennslu til kl. 14:00 og þá hefst frístundatíminn þeirra, sem foreldrar sækja um og greiða frístundagjald fyrir.

i. Viðfangsefni í frístund fyrir og eftir kennslu

Meginviðfangsefnin eru:

- Íþróttafjör. Samstarfsverkefni allra frístundaheimila í Mosfellsbæ og Aftureldingar fyrir börn í 1. og 2. bekk. Börnin fara einu sinni í viku á ákveðnum tímabilum í Íþróttahúsið við Varmá þar sem þjálfarar frá Aftureldingu taka á móti þeim. Þar fá þau tækifæri til að prófa ýmsar íþróttagreinar í nokkur skipti í senn.
- Val. Börnunum er boðið upp á val og er það nokkuð misjafnt eftir dögum. List- og verkgreinakennarar ásamt íþróttakennara bjóða upp á að börnin velji sér að koma í tíma í hreyfingu, myndlist, smíði, textíl og söng.
- Fréttabréf Krikaskóla er gefið út nokkrum sinnum á ári á vegum frístundar, börnin skrifa fréttirnar og sjá um útgáfuna.
- Ýmis námskeið, s.s legókubba námskeið og heimsóknir hafa verið á frístundatíma og gefið góða raun.



Krikaskóli

- Aðstoð við börnin vegna frístundaaksturs og strætóferða í frístundir sem börnin sækja eftir skóla. Ekið er með skipulögðum ferðum á vegum Mosfellsbæjar í íþróttamiðstöðvar bæjarins með börn í 1. og 2. bekk en eldri börnin nota almenningssamgöngur. Styðja þarf við slíka flutninga bæði varðandi tímasetningar og eins fylgd í bílana.

C. SÉRSTÖK VERKEFNI FRÍSTUNDAR – DREIFT Á SKÓLAÁRIÐ

Frístundahópurinn í Krikaskóla sér um nokkur sérstök verkefni sem dreifast yfir skólaárið.

Sérstök frístund að vori, hausti, í jóla- og páskafríum: Boðið er upp á frístundastarf sem hefst um leið og leikskólastarf að hausti fyrir skólasetningu grunnskólans. Sama fyrirkomulag er að vori eftir skólaslit grunnskólastarfsins. Foreldrar geta því áfram nýtt þjónustu skólans en skilyrði er að öll börn fái minnst fjögura vikna samfelld sumarorlof. Dagskrá er sett fram í samstarfi við þau börn sem sækja frístundina með fjölbreyttum viðfangsefnum, allt frá dagslögum vettvangsferðum í að leika frjálst í skólanum.

Foreldraviðtalsdagar: Skipulagðir foreldraviðtalsdagar í grunnskólastarfinu eru tveir, einn á hvorri önn. Þessir dagar eru óhefðbundnir skóladagar hjá börnunum í umsjón frístundarhópsins, ásamt list- og verkgreinakennurum og þroskaþjálfum skólans. Dagskrá er fjölbreytt og boðið er upp á ólík viðfangsefni sem börnin geta notið yfir daginn.

Starfendarannsóknarvikur grunnskólakennara: Eina viku á ári eru grunnskólakennarar í Krikaskóla losaðir út úr hefðbundinni kennslu og sinna starfendarannsóknum. Þá viku eru börnin í umsjón frístundahópsins. Lögð er áhersla á að fá inn utanaðkomandi námskeið fyrir börnin sem styrkja starf skólans og auka á fjölbreytni þess. Námskeið sem við höfum fengið til okkar eru mjög fjölbreytt, sem dæmi má nefna sjálfstyrkingarnámskeið, ritunarnámskeið, skapandi skrif, tölvunámskeið og ýmislegt fleira.



6. FORELDRASAMSTARF OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um þáttinn foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélagsins. Foreldrasamstarf er ein af grunnstoðum skólasamfélagsins og mikilvægi góðra samskipta fyrir líðan og velferð barna er óumdeilt.

Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk skólans vinni saman að því að skapa farsæla umgjörð um það starf sem fram fer í skólanum. Hljú, virðingu og traust skal reyna að festa í sessi við hverja fjölskyldu. Virk upplýsingagjöf til foreldra er skylda skólans og skal hún taka mið af faglegu mati innan skólans.

Einstakir stefnuþættir:

- a. Veita foreldrum upplýsingar um skólastarfið, þroska og stöðu barns í skólanum. Styrkleikum þess og veikleikum, ásamt framgangi í námi.
- b. Að afla upplýsinga frá foreldrum um aðstæður þess og skapa samstarfsvettvang til skoðanaskipta um uppeldi og menntun barna. Foreldrar þekkja börnin sín best og þekkingu þeirra þarf að leggja til grundvallar þegar unnar eru markmiðssetningar í skólastarfinu.
- c. Rækta samvinnu og samskipti skólans og heimilanna.
- d. Sendar skulu heim áætlanir þar sem fram koma viðfangsefni sem unnin hafa verið og þau sem framundan eru. Foreldrar allra barna skulu fá send slík bréf vikulega.
- e. Náms- og kynningarfundir séu haldnir að hausti fyrir alla foreldra skólans.
- f. Foreldrar eru boðaðir í foreldraviðtöl í það minnsta tvisvar á ári.
- g. Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu. Þá með markvissum heimsóknum, þátttöku í starfi með börnunum, foreldrafélagi og skólaráði.



7. SAMSTARF OG TENGLSKÓLASTIGA VIÐ NÆRUMHVERFIÐ

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um samstarf og samvinnu skólastiganna. Samsetning skólans og þróunarstarf hans liggur hér til grundvallar. Skólastarfið gengur út á að vinna með samþættingu leik- og grunnskóla, sem og samþættingu grunnskólastarfs og frístundar.

Samstarf við Varmárskóla þegar börnin færast þangað að loknum fjórða bekk í Krikaskóla hefur verið afskaplega farsælt. Mikilvægt er að halda áfram þróun þess og taka mið af þörfum hvers árgangs. Nokkur börn færast nú í Helgafellsskóla að loknu námi í Krikaskóla og því verður samstarf þróað við Helgafellsskóla að þeirri mynd sem unnið hefur verið að með Varmárskóla á liðnum árum.

Samstarf við fjölda aðila svo sem; skólahljómsveit, skátana, björgunarsveitina Kyndil og fleiri er einnig mikilvægt í Krikaskóla sem og tenging við nærsamfélag skólans.

Einstakir stefnupættir:

- a. Nýttir eru bestu þættir hvors skólastigs fyrir sig til hagsbóta fyrir öll börn skólans. List- og verkgreinanám, íþróttir og sund ásamt íslensku og stærðfræði eru hluti af skólastarfi leikskólabarna í Krikaskóla. Leikur, útivist og hvíld ásamt auknu list- og verkgreinanámi er hluti af skólastarfi grunnskólabarnanna í Krikaskóla.
- b. Börn á grunnskólaaldri hafa tækifæri til að koma að leikskólastarfinu með ýmsum hætti. Þar má nefna upplestur fyrir leikskólabörnin, aðstoð við að leggja á borð, setja upp þrautabrautir og bjóða hópum leikskólabarna að taka þátt í verkefnum og svo framvegis.
- c. Í list- og verkgreinum koma öll börn til myndlistarkennara. Leikskólabörnin hafa ásamt kennurum sínum einnig aðgang að allri aðstöðu til list- og verkgreinakennslu. Það skapar mjög fjölbreytt námsumhverfi fyrir leikskólabörnin.
- d. Börn sem hafa skarað fram úr, eða þurfa meiri aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, geta færst milli aldurshópa eftir því sem metin er þörf á. Slíkt er ákveðið af faghópi skólans í samstarfi við foreldra. Eins er auðvelt aðgengi að námsgögnum til að styðja við framúrskarandi nemendur á einhverjum stigum.
- e. Samþætting frístundarstarfs og grunnskólastarfs er mikilvægur liður í að auka þátttöku í list- og verkgreinum, útivist, leik og hreyfingu fyrir barnanna.
- f. Samstarf er við Bókasafn í Mosfellsbæjar og þangað fara börnin í skipulagðar ferðir, sem og óundirbúnar heimsóknir.
- g. Samstarf er við Skólahljómsveitina, en kennarar þar koma að tónlistarkennslu grunnskólabarna í Krikaskóla.
- h. Samstarf er við Listaskóla Mosfellsbæjar, en kennarar þeirra koma og kenna þeim börnum sem eru í tónlistarnámi innan veggja Krikaskóla.



Krikaskóli

- i. Samstarf er við Heilsugæslu Mosfellsbæjar um starf hjúkrunarfræðings innan skólans. Sérstakt samkomulag er um viðveru hjúkrunarfræðings í skólanum. Hjúkrunarfræðingur kemur að starfi með grunnskólabörnum og sinnir bæði fræðslu og eftirliti. Einnig geta foreldrar leikskólabarna pantað tíma í smábarnavernd í skólanum. Þroskamat og skoðanir sem tilheyra ung- og smábarnavernd eru þá framkvæmdar í skólanum ásamt bólusetningum.
- j. Samstarf er milli leikskóla Mosfellsbæjar m.a. varðandi Menningarviku leikskólabarna. Sett er upp sýning á myndlistarverkum leikskólabarna frá öllum leikskólum Mosfellsbæjar. Leikskólaárgangar í Mosfellsbæ hittast í Kjarna og syngja saman fyrir áheyrendur og sýna verk sín.
- k. Samstarf er milli leikskóla Mosfellsbæjar um sumarskóla leikskólanna. Sumarleikskólinn er staðsettur í einum af skólunum ár hvert. Börn sem þá eru skráð í vistun og starfsmenn úr öllum leikskólunum hafa aðsetur þar yfir helsta orlofstímabilið, sem er í júlí og fram yfir verslunarmannahelgi.
- l. Samstarf hefur verið við fleiri aðila sem langt mál væri að telja upp en nefna má; Rauða-krossinn, Lionsklúbbinn Úur, félag eldri borgara og fleiri. Samstarfið hefur verið tímabundið og varðað ákveðin verkefni. Krikaskóli er opinn fyrir ýmsum hugmyndum um samstarf sem hefur gildi og þýðingu fyrir skóla- og/eða frístundastarfið.
- m. Samstarf og samvinna er mikil milli frístundaheimila við hvern grunnskóla Mosfellsbæjar. Þar fæst stuðningur við stjórnendur og mikið samstarf þarf að eiga sér stað varðandi frístundaakstur barna í Mosfellsbæ.

A. MÓTTÖKUÁÆTLUN

Þegar barn byrjar í leikskóla er mikilvægt að gefa því gott tækifæri til að öðlast öryggi. Gert er ráð fyrir viku í aðlögun barns. Fyrsti dagurinn fer í um klukkustundar heimsókn með foreldrum og síðan er áframhald ákveðið í samráði við foreldra. Barnið dvelur þá hjá okkur í lengri og lengri tíma daglega og foreldrar bregða sér aðeins frá til að byrja með.

Markmið með aðlögun barnsins er ekki síður að gefa foreldrum tækifæri á að kynnast starfsmönnum og starfsemi skólans. Mikilvægt er að foreldrar séu duglegir að spyrja og ræða málið við þá starfsmenn sem taka á móti barninu.

Eftir því sem barnið er eldra þegar það byrjar í skólanum þarf að aðlaga áætlanir að þörfum barnsins og reynslu þess. Mikilvægt er að gefa barni og foreldrum tækifæri til að tengjast og ná öryggi til skólans.

Barn í Krikaskóla sem færast milli skólastiga er nú þegar í góðum tengslum við þá sem taka við því. Aðstæður og umhverfi eru kunnuglegar og barnið þekkir vel til starfsfólks. Foreldrar eru í annarri stöðu og gefa þarf þeim gaum við slíkar breytingar á högum barnanna.



Yfirfærsla úr leikskólastarfi í grunnskólastarf er því nokkuð áreynslulaus fyrir börnin en mikilvægt er bæði að vori og að hausti að upplýsa foreldra vel um þær formbreytingar sem fylgja skólaskyldunni.

1. Þegar nám hefst í 1. bekk:

- Nemandi er skráður í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar, í Krikaskóla sjáum við um þessa skráningu fyrir þau börn sem þegar eru í skólanum.
<https://ibuagatt.mosfellsbaer.is/oneportal/login.aspx>.
- Foreldrar og börn fá boð um heimsókn í skólann að vori. Þá er farið yfir allar almennar upplýsingar um skólann, mötuneyti, ávaxtabita, frístund o.þ.h.. Skólahúsnæði kynnt og skoðað, farið í útikennslustofu, smiðjur og væntanleg heimsvæði nemenda. Stoðkerfi skólans er kynnt á sérstökum haustfundum.
- Börn í elstu deildum leikskóla Mosfellsbæjar koma reglulega í skólann allt skólaárið en í Krikaskóla eru flest börnin þegar í skólanum og fá sína kynningu í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.

2. Nemendur sem byrja nýir í Krikaskóla að hausti:

- Nemandi og foreldri boðið í heimsókn fyrir skólabyrjun.
- Umsjónarkennari tekur á mótum nemandi og foreldri.
- Farið er í heimstofu, starfið kynnt og farið yfir allar almennar upplýsingar um skólann.
- Skólahúsnæði skoðuð, íþróttahús, sundlaug og önnur svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.

3. Nemendur sem byrja í skólanum eftir að skólaár er hafið:

- Foreldrar hafa samband við stjórnendur skólans.
- Nemandi og foreldrum er boðið í heimsókn í skólann.
- Verkefnastjóri eða skólastjórnandi tekur á mótum, kynnis þeim innra starf skólans og veitir almennar upplýsingar um hann.
- Skoðunarferð og upplýsingar um skólahúsnæði, íþróttahús, sundlaug og önnur svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.
- Nemandi og foreldrar hitta væntanlegan umsjónarkennara og fá stundatöflu og aðrar upplýsingar um bekkjarstarfið.

Varðandi úrsögn barns úr skóla skal forráðamaður snúa sér til skrifstofu skóla til að hægt sé að ganga frá málum. Leikskólavist, áskrift í mötuneyti og frístund er sagt upp á Íbúagátt Mosfellsbæjar. Ráðlegt er að allar slíkar upplýsingar berist einnig til skólastjórnenda til að tryggja



Krikaskóli

að gengið sé frá gögnum sem þurfa að fylgja og að barnið nái að taka allt sitt með við lok skólavistar.

4. Nemendur af erlendum uppruna:

- Foreldrar hafa samband við stjórnendur skólans.
- Nemanda og foreldrum er boðið í heimsókn í skólann.
- Verkefnastjóri eða skólastjórnanndi tekur á móti, kynsir þeim innra starf skólans og veitir almennar upplýsingar um hann. Fenginn er túlkur í samráði við foreldra ef þörf er metin á því.
- Skoðunarferð og upplýsingar um skólahúsnæði, íþróttahús, sundlaug og önnur svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.
- Nemandi og foreldrar hitta væntanlegan umsjónarkennara og fá stundatöflu og aðrar upplýsingar um bekkjarstarfið.
- Gert er stöðumat á barni til að skólinn geti komið til móts við einstaklingsþarfir.

Sameiginleg handbók leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar leggur grunn að móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í Krikaskóla. Handbókina má finna hér: https://mos-sis.workplace.com/work/file_viewer/808322983423304/?surface=FILES_TAB.

B. TILFÆRSLUÁÆTLUN

Flest börnin í Krikaskóla færast í Varmárskóla eftir 4. bekk, nokkur færast í Helgafellsskóla og mjög fá fara í aðra skóla. Unnið hefur verið að áætlun um yfirfærslu þeirra í samstarfi við Varmárskóla og Helgafellsskóla á liðnum árum.

Síðasta skólaárið í Krikaskóla sækja þau skólaíþróttir og sund í Íþróttahúsið við Varmá. Þannig öðlast þau öryggi í þeim aðstæðum og þekkja sig því vel þar.

Þau heimsækja þann skóla sem þau munu færast í ásamt kennurum sínum úr Krikaskóla. Fá kynningu á húsnæði og aðstæðum í viðkomandi skóla. Þar hitta þau verðandi skólafélaga og vinna sameiginleg verkefni. Tíðni slíkra heimsókna getur verið breytilegur milli árganga eftir þörfum þeirra.

Haldnir eru skilafundir með kennurum þeirra skóla sem um ræðir hverju sinni. Þar er farið yfir barnahópin og gögnum skilað í samráði við foreldra. Foreldrar eru upplýstir um öll þau gögn sem fara á milli skólanna og er það á ábyrgð verkefnastjóra sérkennslu að réttu verklagi sé fylgt og persónuverndar gætt. Aðeins skal færa á milli gögn sem munu greiða fyrir námi nemenda.

Þegar nemandi með miklar sérþarfir á í hlut þarf að undirbúa og útfæra sérstaka tilfærsluáætlun. Haldinn er fundur með foreldrum, sérfræðingum sem koma að málum og starfsfólki hvors skóla



Krikaskóli

fyrir sig. Þar er mótuð áætlun sem auðveldar barni yfirfærslu á milli skóla og upplýsingum miðlað milli þeirra sem skila af sér og þeirra sem við taka.



Krikaskóli

8. INNRA MAT Á ÁRANGRI OG GÆÐUM

Mat skal unnið samkvæmt matsáætlun hvers árs. Starfshópurinn velur áherslupætti í mati hvers árs í samstarfi við skólastjórnendur. Mikilvægt er að mat sé fengið frá öllum aðilum skólasamfélagsins og unnar séu áætlanir til að koma til móts við ábendingar og styrkja það sem vel er gert.

Starfendarannsóknir sem kennarar vinna innan skólans eru einnig ómetanlegt innlegg í skólaþróun og mat á skólastarfi.

Einstakir stefnuþættir:

- a. Matsáætlun, sem unnin er til þriggja ára, skal liggja fyrir og kynna á hverju skólaári.
- b. Starfendarannsóknir sem unnar eru skulu kynntar að vori. Þær skal einnig birta á sameiginlegu innra svæði skólans.
- c. Endurmat skal unnið á hverjum sameiginlegum viðburði í skólastarfinu og nýtt til að bæta framkvæmd atburða og úrvinnslu.
- d. Hver starfshópur vinnur endurmat á sínu teymisstarfi og setur fram aðgerðaráætlun í samvinnu við skólastjórnendur.
- e. Matskýrsla Krikaskóla er gefin út á hverju ári og tekur hún til allra þátta sem liggja til innra mats. Hana er hægt að nálgast á heimsíðu skólans.
- f. Kannanir til að kanna líðan og árangur skal leggja fyrir ýmist annað hvert ár eða árlega. Skólapúlsinn leggur foreldrakannanir fyrir annað hvert ár fyrir bæði skólastigin. Nemendakönnun leggja þeir fyrir árlega. Aðrar minni kannanir sem skólinn nýtir til að kanna líðan og tengsl barnanna.
- g. Starfsmannakannanir eru lagðar fyrir á hverju ári af Mosfellsbæ.
- h. Námsmat, bæði úr leik- og grunnskólastarfi.
- i. Skólaþing haldin árlega.



HEIMILDASKRÁ:

Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (þýð. Gunnar Ragnarsson). Rvík: Rannsóknarstofnun KHÍ.

Ingvar Sigurgeirsson. (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök.... *Uppeldi og Menntun*, 14(2), 9-32.

Lög um grunnskóla (91/2008).

Lög um leikskóla (90/2008).

Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Rvík: Rannsóknarstofnun KHÍ.